

Kreppa og stríð 1930–1945

Skapandi skrif

Veldu annað hvort verkefnið og settu þig í rithöfundarstillingar!

- a. Þú ert kona rétt um fertugt, 10 barna móðir og býrð í bragga. Þig langar mest af öllu að verða skáld en ytri aðstæður þínar, kreppa og fátækt, hamla því að gera þann draum þinn að veruleika. Þér áskotnast blöð og skriffæri og þú byrjar á næturnar að skrifa dagbók. Sýndu okkur einn dag (t.d. í gær) hjá þér í amstri dagsins, fléttaðu inn í hann þrjár þínar og drauma um annað og betra líf . . .

- b. Þú ert ungur karlmaður, kominn með fjölskyldu – átt konu og fjögur lítil börn. Aðstæður þínar eru ekki sem bestar, fátækur, oft svangur og frekar illa klæddur. Vinna er stopul og þegar hún býðst eru launin ekki til að hrópa húrra fyrir. Heima fyrir er mikil þörf fyrir peningana. Þig langar til að skrifa og skapa en átt erfitt með það við þessar aðstæður. Einn daginn ertu svo heppinn að koma höndum yfir blöð og skriffæri og byrjar, eldsnemma á morgnana, að skrifa dagbók. Sýndu okkur einn dag (í gær) hjá þér í amstri dagsins, fléttaðu inn í hann þrjár þínar og drauma um annað og betra líf . . .